

✉ Re: Umsagnarbeiðni vegna Brúarhvamms

Búið til	12.5.2021 16:26:43
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	12.5.2021 16:26:42
Tilheyrir	 202104-0047 - Umsagnarbeiðni vegna Brúarhvamms, Bláskógabyggð, hótél og gistihús.

Efni

Re: Umsagnarbeiðni vegna Brúarhvamms

Upplýsingar

Sent	12.5.2021 16:26:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Jon.A.Jonsson@skipulag.is

Innihald

Komdu sæll,

Hér er umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurnina.

Tilvísun í mál nr. 202104-0047 (SS)

Í meðfylgjandi tölvupósti frá Skipulagsstofnun, dags. 16. apríl 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Kvótasölnunar ehf. á uppbyggingu hótels og gistihýsa í Brúarhvammi, Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir gögn sem fylgja tilkynningu framkvæmdaraðila og telur að þótt sumar upplýsingar t.d. um fuglalíf mætti bæta þá séu nægjanlegar upplýsingar fyrir hendi um eðli og áhrif framkvæmdarinnar til að skera úr um matsskyldu hennar.

Um er að ræða uppbyggingu tveggja hæða hótels og veitingastaðar (allt að 3.000 fermetrar), 10 smærri gistihýsa (45 fermetrar hvert) sem og gerð aðkomuvegar, bílastæðis, göngustíga og fleiri minniháttar innviða. Stefnt er að því að skólpi verði safnað í rotþró/haughús þ.a. fráveitu verður ekki veitt í Tungufljót.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru líkleg umhverfisáhrif af framkvæmdinni ekki talin vera það mikil eða alvarleg að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum skv. ákvæðum laga nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Helstu umhverfisáhrif af framkvæmdinni varðar óafturkræfa röskun á gróðurlendi á jörðinni. Við nánari skoðun vill Náttúrufræðistofnun benda á að vistgerðakort eru ekki nægilega nákvæm á þessu svæði. Einkum virðist umfang votlendis vera ofmetið á kortinu. Samkvæmt gróðurkortu frá 1984 og nýjum loftmyndum að dæma, er helst um að ræða graslendi og mólendi. Undanfarið hefur svo víðikjarr sótt á.

Umræddar votlendisvistgerðir sem fjallað er um í matstilkynningunni eru því ekki á þessu svæði. Mögulega er þó deigt land, sunnan núverandi bygginga, þar sem tjarnarstararflóavist er skráð. Engu að síður er mælt með því að hugað sé að staðsetningu og hönnun gistihýsa þannig að raskað verði sem minnst af gróðurlendinu. Til dæmis mætti útfæra göngustíga að gistihúsum þannig að þeir valdi sem minnsti röskun. Best væri ef lóð fyrir gistihús yrði færð af grónum svæðum t.d. til austurs þar sem virðist vera nægt rými og gróðurlendi eru rýrari. Röskun á gróðurlendi á lóð hótelsins er einkum á vistgerðum með lágt verndargildi.

Umfjöllun um fuglalíf er almenn, byggist á upplýsingum um hefðbundið fuglalíf í þeim vistgerðum sem finnast á svæðinu og á Suðurlandsundirlendinu almennt. Heppilegra, og nú í ljósi þess að vistgerðakortið er ekki með öllu rétt, væri að afla einhverra upplýsinga um fuglalíf á staðnum með einföldum athugunum á vettvangi. Mælt er með því að gera slíkt þó ekki verði farið í fullt mat á umhverfisáhrifum og geta þær upplýsingar nýst við undirbúning framkvæmda.

Tryggja þarf að áform um söfnun skólps í rotþró gangi eftir og uppfylli öll skilyrði reglugerðar nr. 798/1999. Ef magn skólps reynist vanáætlað þarf að huga að viðbragðsaðgerðum. Gæta þarf þess að skólþ berist ekki út í Tungufljót. Einnig þarf að tryggja að hreinsun verði á ofanvatni frá aðkomuvegi og sérstaklega bílastæðum þannig að mengað ofanvatn berist heldur ekki í ána.

Tungufljót flokkast sem ár á yngri berggrunni í vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar en sú vistgerð er metin með miðlungs verndargildi. Vistfræðilegt ástand Tungufljóts er lítið þekkt miðað við upplýsingar af Vatnavefsjá Umhverfistofnunar. Þar er töluvert fuglalíf og m.a. er þekkt að straumendur haldi sig á þessum slóðum. Gæta þarf þess við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu að athafnir valdi ekki miklu ónæði fyrir lífríki Tungufljóts.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jón Ágúst Jónsson" <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni vegna Brúarhvamms
Date: 26.4.2021 17:06:09

Góðan dag,

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna uppbyggingu hótels og gistihýsa í Brúarhvammi, Bláskógabyggð. Meðfylgjandi er formleg umsagnarbeiðni ásamt rafrænni greinargerð vegna málsins. Umsagnarfrestur er til 12. maí 2021. Umsögn óskast send á skipulag@skipulag.is (<mailto:skipulag@skipulag.is>) og jonagust@skipulag.is (<mailto:jonagust@skipulag.is>).

Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt.

Kv. Jón

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Jon.A.Jonsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)